



AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Breyting í landi Vatnsleysu

02.05.2019

Breytt 10.12.2019



Skipulagsstofnun

Mótt.: **16. jan. 2020**

Málnr.





GREINARGERÐ – UPPLÝSINGABLAÐ

<u>SKJALALYKILL</u>	<u>TITILL SKÝRSLU</u>
3502-014-GRG-001-V01	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027
<u>SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI</u>	<u>VERKHEITI</u>
01/12	Breyting í landi Vatnsleysu
<u>VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA</u>	<u>VERKKAUPI</u>
Skipulagsfulltrúi	Umhverfis- og tæknisvið uppsveita
<u>VERKEFNISSTJÓRI – EFLA</u>	<u>HÖFUNDUR</u>
Gísli Gíslason	Ingibjörg Sveinsdóttir

ÚTGÁFUSAGA

<u>NR.</u>	<u>HÖFUNDUR</u>	<u>DAGS.</u>	<u>RÝNT</u>	<u>DAGS.</u>	<u>SAMPYKKT</u>	<u>DAGS.</u>
01	Ingibjörg Sveinsdóttir	02.05.19	Anna Bragadóttir	03.05.19	Ingibjörg Sveinsdóttir	03.05.19

Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 12.12.2019



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 24. janúar 2020



Skipulagsferli

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 20. febrúar 2019 með athugasemdafresti til: 6. mars 2019.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 11.9.2019 með athugasemdafresti til: 23.10.2019

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum og umhverfisskýrslu.
Skipulagsuppráttur.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	5
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.1.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	6
2.1.3	Deiliskipulag	7
2.2	Minjar	7
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	7
4	UMHVERFISÁHRIF	7
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	8
4.2	Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið	8
4.2.1	Valkostir og samanburður	9
4.2.2	Niðurstaða	10
5	MÁLMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR	10
5.1	Skipulags og matslýsing	10
5.2	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	11
6	BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU	11

1 INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landeigandi Vatnsleysu lands B í Bláskógabyggð (landnr. 188581), hefur óskað eftir að afmörkun frístundasvæðisins F67 verði breytt og hluti þess skilgreint sem landbúnaðarland.

Landeigandi hyggst byggja upp minniháttar landbúnaðarstarfsemi og hafa fasta búsetu á svæðinu.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti.

2 FORSENDUR

Forsenda fyrirhugaðrar breytingar er að landeigandi vill breyta lóð sinni í landbúnaðarland, hafa þar fasta búsetu og byggja upp minniháttar landbúnaðarstarfsemi. Lóðin er rúmir 2 ha að stærð. Einnig hyggst hann nýta um 4 ha viðbótarland vestan lóðarinnar til landbúnaðar og gert er ráð fyrir að sótt verði um lögbýlisrétt á landinu. Á lóðinni er frístundahús. Samhliða er unnið að breytingu á deiliskipulagi.

Svæðið er gróið. Austasti hluti svæðisins hefur verið ræktaður sem tún en vestan til er birki- og víðikjarr. Í vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið flokkað sem graslendi, votlendi og mólendi og þar finnast vistgerðirnar víðikjarrvist, gulstararflóavist og starungsmýrjavist, sem allar eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir með mjög hátt verndargildi.

Svæðið er NA til í Fellsfjalli og hallar til A og NA. Landbúnaðarland hefur ekki verið flokkað í Bláskógabyggð en ætla má að um nokkuð gott ræktunarland sé að ræða.

Á hluta svæðisins og vestan þess er birkikjarr skv. kortlagningu Skógræktarinnar. Birki fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd og nýtur sérstakrar verndar. Forðast skal röskun birkikjarrsins nema brýna nauðsyn beri til.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Við breytingu á aðalskipulaginu er horft til eftirfarandi áætlana:

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í landsskipulagsstefnunni eru settar fram áherslur varðandi skipulag dreifbýlis og sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands sem sveitarfélagið þarf að horfa til.

Kafli 2.2. Skipulag í dreifbýli

„Fjölgun íbúða tengist einkum búrekstri eða annarri staðbundinni atvinnustarfsemi. Marka skal stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýlinu og ákvörðun um staðsetningu og hönnun mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands“.

Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu

Flokkun landbúnaðarlands hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu. Ætla má að um ágætt landbúnaðarland sé að ræða. Breytingin samræmist landsskipulagsstefnu að því leyti að stuðlað er að því að landbúnaðarland sem hentar vel til slíkrar notkunar verði áfram nýtt til landbúnaðar.

Skv. vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar er að finna vistgerðirnar víðkjarrvist, gulstararflóavist og starungsmýrarvist sem allar eru með hátt verndargildi.

2.1.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027 var staðfest þann 25. maí 2018. Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin tekur til skilgreint sem frístundasvæði F67. Svæðið er jafnframt að hluta til undir hverfisvernd vegna birkikjars.

Í aðalskipulaginu segir m.a. að:

- „Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Landbúnaður verði eflur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Heimiluð er uppbygging á landspildum að lágmarki 3 ha að stærð (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðum landbúnaðarsvæðum eða verndarsvæðum.
- Leitast skal við að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og nærliggjandi byggð og hafa sem minnst áhrif á náttúru og landslag“.

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði. Leitast skal við að staðsetja ný hús í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðvegi og önnur dreifikerfi sem eru fyrir hendi. Útihús og aðrar byggingar tengdar landbúnaði skulu að jafnaði reistar í tengslum við önnur hús á jörðinni.

Hverfisvernd:

Samfelld svæði þar sem er birkikjarr og/eða birkiskógur eru auðkennd á skipulagsupprætti. Svæðin eru afmörkuð skv. kortlagningu Skógræktarinnar. Heildarstærð birkikjars og birkiskóga er um 10.000 ha. Einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir í birkiskóga og birkikjarr. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki.

Samræmi breytingarinnar við gildandi aðalskipulag

Breytingin samræmist stefnu aðalskipulags að því leyti að góð landbúnaðarsvæði verða nýtt til landbúnaðar.

Svæðið er að hluta til undir hverfisvernd vegna birkikjarrs og er ákvæði um að halda skuli byggingarframkvæmdum í lágmarki á slíkum svæðum. Auk þess er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir.

2.1.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir lóðina, og lóðir beggja vegna, dagsett í desember 2016 og var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í apríl 2017. Gerð verður breyting á deiliskipulagi þar sem hluta svæðisins verður breytt í landbúnaðarland.

2.2 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í þéttbýlunum þremur í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á greinargerð og uppdrætti.

Breytingar á uppdrætti:

Frístundasvæðið F67 er minnkað úr 40 ha í 38 ha. Svæðið verður tvískipt eftir breytinguna.

Breytingar á greinargerð:

Í kafla 2.3.2 er stærð frístundasvæðisins F67 breytt úr 40 ha í 38 ha. Bætt er inn eftirfarandi texta: „Svæðið er tvískipt“.

Í deiliskipulagsbreytingu fyrir svæðið er byggingareitur óbreyttur. Heimilt er að vera með íbúðarhús og skemmu innan hans. Hámarks byggingarmagn er 643 m².

4 UMHVERFISÁHRIF

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótægisaðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalegd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

TAFLA 1. Vægi áhrifa.

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfisþátta/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

4.2 Umhverfisþættir matsspurningar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju

sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfisþættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum:

TAFLA 2 Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur breytingin áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 og 62. gr.
Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd og landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á atvinnulíf? Stuðlar breytingin að styrkingu byggðar? Hefur breytingin áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Hefur breytingin áhrif á fornminjar? Hefur breytingin áhrif á náttúruminjar? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Náttúruminjaskrá.
Heilsa og öryggi	Hefur breytingin áhrif á umferðaröryggi? Hefur breytingin áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði? Er hættu á mengun af völdum breytingarinnar?	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

4.2.1 Valkostir og samanburður

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Breytt skipulag. Frístundasvæðið F67 verður minnkað um 2 ha og því breytt í landbúnaðarland.
- Núll – kostur. Frístundasvæðið verður óbreytt.

Samanburður

Breytt skipulag: Engar þekktar jarðmyndanir sem njóta verndar eru innan svæðisins. Áhrif á jarðmyndanir eru **óverulegar**. Þar sem hluti svæðisins nýtur hverfisverndar vegna birkikjarris þá eru skilmálar á því að byggingarframkvæmdum skuli haldið í lágmarki og einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir. Á svæðinu finnast vistgerðir með hátt verndargildi og er möguleiki að þeim verði raskað við framkvæmdir. Áhrif á gróður eru metin **neikvæð**. Mannvirki hafa alla jafnan áhrif á ásýnd en svæðið

hefur þegar byggst upp að einhverju leyti. Áhrif á ásjón og landslag eru metin **óveruleg**. Uppbygging hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf, einkum á meðan á framkvæmdum stendur, og atvinnutækifæri styrkja byggð og tekjustofna sveitarfélagsins. Áhrif á samfélag eru **jákvæð**. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins og eru áhrif á þær metin óveruleg. Hluti svæðisins er undir hverfisvernd og er hugsanlegt að uppbygging hafi neikvæð áhrif á það. Áhrif á verndarsvæði eru metin **óviss/neikvæð**. Gert er ráð fyrir að frágangur á fráveitu verði með fullnægjandi hætti, skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, og því á ekki að vera hætt á mengun vegna hennar. Áhrif á heilsu og öryggi eru metin **óveruleg**.

Núll kostur: Engar þekktar jarðmyndanir sem njóta verndar eru innan svæðisins. Áhrif á jarðmyndanir eru **óverulegar**. Þar sem hluti svæðisins nýtur hverfisverndar vegna birkikjars þá eru skilmálar á því að byggingarframkvæmdum skuli haldið í lágmarki og einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjategundir. Á svæðinu finnast vistgerðir með hátt verndargildi og er möguleiki að þeim verði raskað við framkvæmdir. Áhrif á gróður eru metin **neikvæð**. Áhrif á ásjón og landslag eru **óveruleg** umfram það sem er í dag. Óbreytt staða hefur **óveruleg** áhrif á samfélag. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins og það er undir hverfisvernd vegna birkikjars. Áhrif á verndarsvæði eru metin **óviss/neikvæð**. Verði gengið frá fráveitu með fullnægjandi hætti, skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, á ekki að vera hætt á mengun vegna hennar. Áhrif á heilsu og öryggi eru metin **óveruleg**.

4.2.2 Niðurstaða

BREYTINGAR							
	Jarð- myndanir	Gróður, dýralíf	Ásjón, landslag	Sam- félag	Minjar og verndarsvæði		Heilsa og öryggi
Breytt aðalskipulag	0	-	0	+	?	-	0
Núll kostur	0	-	0	0	?	-	0

Niðurstaða

Svæðið sem breytingin tekur til er að hluta til innan hverfisverndarsvæðis vegna birkiskóga/birkikjars. Ákvæði hverfisverndarsvæðisins er að byggingarframkvæmdum skuli haldið í lágmarki og að einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjategundir. Þá eru á hluta svæðisins vistgerðir með hátt verndargildi. Forðast skal allt rask á birkikjarri og þeim vistgerðum sem hafa hátt verndargildi. Byggingarframkvæmdir eru fyrirhugaðar utan þess svæðis sem er vaxið birkikjarri.

Ekki er talið að breytingin hafi teljandi áhrif á frístundasvæðið. Allt umhverfis það er nú þegar landbúnaðarland.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARÆDILAR

5.1 Skipulags og matslýsing

Lýsingin var kynnt frá 20. febrúar til 6. mars 2019. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

5.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Umsagnaraðilar við breytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

6 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Gerð er grein fyrir því að birgikjarr nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þá er gerð grein fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu skv. breytingu á deiliskipulagi.